



## Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar 16.10.2019

### Fundur Íþróttas og æskulýðsnefndar 16.10.2019 fundur settur klukkan 13:30

Mættir: Víglundur P Einarsson, Þórhildur Sigurðardóttir, Súsanna Rafnsdóttir, Aðalbjörn Björnsson og Teitur Helgason er ritar fundargerð.

Þórhildur setur fundinn og gengur til dagskrár

#### 1.mál

Kosning nýs formanns.

Þórhildur leggur til að Víglundur verði nýr formaður og er það samþykkt samhljóða

#### 2.mál

Eldri borgara afsláttur í sund.

Það hefur verið óánægja hjá eldri borgurum að fá ekki afslátt í sund. Er nefndin sammála um það gefa eigi afslátt í sund og tækjasal og þrýstir á sveitastjórn að verða við því

#### 3. mál

Framkvæmd og útlit skólalóðar

Nefndin tekur vel í hugmynd frá Hreppsráði um að Íþróttas og æskulýðsnefnd, ungmennaráð, fræðslunefnd og starfsfólk skólans taki höndum saman og skili af sér hugmyndum um framkvæmdir og útlit á skólalóð. Vill nefndin að það sé útnefndur fulltrúi frá nefndunum og koma með hugmyndir að því hvað á að gera á skólalóðinni. Víglundur er tilbúinn að koma frá Íþróttas og æskulýðsnefnd til að taka þátt í þessari vinnu. Fara að skoða hvernig þessum málum er háttað annarstaðar á landinu.

#### 4. mál

Önnur mál

Frístundastyrkur: útskýrir Þórhildur hvernig að hann virkar.

Skólaakstur

Spurnig hvernig að hægt er að koma betur á móts við börn sem að búa í sveitum í kringum Vopnafjörð og finna einhverja leið þannig að það þurfi kannski ekki að fara margar ferðir í sveitina á hverjum degi. Reyna að samræma betur tímasetningar á æfingum og öðru félagsstarfi.

Opnunartími á íþróttahúsi

Heitir pottar og kalt kar við íþróttahús.

Vil nefndin að það sé tekið inn í fjárhagsáætlanagerð.